

Hugarheimur geðklofans.

Einn góðann veðurdag umlukti huga minn  
myrkur kalt  
ótti og hræðsla sem minnti á allt  
fortíð og framtíð, nútíðin horfin.  
Þráhyggjan lokar mig augun bakvið.  
Reyni að hugsa um daginn og veginn  
frá hugsunum mínum ég þó ekki slepp.  
Nú er ég fangi huga  
sem eitt sinn hafði það verkefni mér að þjóna  
og sýna mér gleðinnar tóna.  
Undir yfirborði þjáningar og tilfinningar búa,  
en þar er ég einnig innan um hugsanir,  
sem ég ei þekki.  
Bros gegn um myrkrið skín  
því ég er enn á lífi.